



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. guðrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd.

4. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 18. ágúst kl: 17:00.

Mættir : Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson, Halldór Árnason og Birgir Hauksson fjallskilastjóri.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Bréf frá Bergþóru Eysteinsdóttur

Bergþóra óskar eftir að verða leyst undan gangnaskyldu haustið 2011 þar sem allt hennar fé gengur í heimalandi.
Atvinnumálanefnd samþykkir það.

3. Niðurjöfnun gangna.

Göngum jafnað niður, sjá gangnaseðil. Ákveðið að fara í fyrstu göngur á Austurafrétt 2. og 3. september og rétta í Hlíðarrétt 4. september 2011. Aðrar göngur 24. og 25. september. Farið verði í þriðju göngur 1. október. Fyrstu göngur í Suðurafrétt verði 27. og 28. ágúst og fyrstu göngur í Krákárbakkahólf 2. og 3. sept. og réttað í Baldursheimsrétt 4. september. Sólveig Erla gerir athugasemd við lið 1: Aksturstaða. Ákveðið að hækka taxtann fyrir dráttarvél með vagn í 80 kr á km eins og fyrir jeppa. Ákveðið að réttarstjóri skuli húa mönnum saman til að gera við réttina.

4. Önnur mál.

Viðgerðir á Péturskirkju og hesthúsi þar. Nefndin telur mikilvægt að bændur sameinist um að flikka upp á Péturskirkju og hesthúsið. Þá telur nefndin æskilegt að sinna einhverju viðhaldi á hesthúsi á Hlíðarhaga en ekki sé grundvöllur til að leggja háar fjárhæðir í verkið.

Eins telur nefndin æskilegt að bændur sem nýta Krákárbakkahólf og Suðurafrétt beri fúavörn á gangnakofana á Stóruflesju.

Böðvar gerði grein fyrir því að til væri peningur á fjárhagsáætlun til viðhalds á gangnakofum.

Vargeyðing í Mývatnssveit: Atvinnumálanefnd hvetur sveitastjórn til að leita allra leiða til að hafa vargeyðingu í sveitinni sem besta. Og leiti eftir fjárveitingum frá stjórnvöldum til þeirra hluta.

Atvinnumálanefnd lýsir áhyggjum sínum af stöðu húsnæðismála í Mývatnssveit þar sem skortur virðist vera á íbúðarhúsnæði um þessar mundir og hvetur sveitastjórn til að leita allra leiða til úrbóta. Ljóst er að íbúum mun ekki fjölga hér nema húsnæði sé til staðar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl 19:20.

Böðvar Pétursson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Leifur Hallgrímsson
Halldór Árnason